

GOLF OG ÍSLENSKT MÁL

„Ég skildi, að orð er á Íslandi til um allt sem er hugsað á jörðu“, orti Einar Benediktsson, einn af skáldjöfnum Íslendinga, í kvæðinu **Móðir mín**. Við ættum að hafa orð skáldsins í huga og leggja rækt við móðurmálið. Því miður hafa íslenskir golfarar hingað til ekki sýnt nægan metnað í að vanda mál sitt. Á einum golfhring eða svo heyrast skelfilegar lýsingarnar á borð við eftirfarandi dæmi:

Ég DRÆVAÐI 200 metra en SLÆSAÐI út í RÖFFIÐ. Tók NÆNÆRONIÐ en náði ekki alveg inná GREENIÐ. SJIPPAÐI létt inná GRÍN og reddaði pari. Þá kom þar þrjú HOLA þar sem ég lenti í BÖNKER. Greip SAND-ÆRON og „sullaði“ upp að pinna. Á næstu HOLU DRÆVAÐI ég vel, klúðraði þó næsta SKOTI, en bjargaði BÓGÍ. Félagi minn var svolítið heppnari, SKAUT í pinnann og boltinn DROPPAÐI dauður, rétt við holu. Svo tók ég HÁLFVITANN á langri þar þrjú HOLU. Félagi minn fékk DOBBELBÓGÍ en ég BÖRDAÐI!



Hér til hliðar er upptalning á algengum hugtökum og heitum á ensku sem íslenskir golfarar þekkja ásamt íslenskri þýðingu á hverju hugtaki fyrir sig með nánari skýringum þar sem þurfa þykir. Eru golfarar hvattir til að kynna sér hugtökin og tileinka sér þau.

Unnið hefir Jón Hjaltason, hálfur Skoti í fjórða lið.

Ball flight = **Ferill** eða flug kúlu/bolta. Ekki tala um að fljúga kúlunni! Við þeytum henni, hún þeytist áfram.

Birdie = **Fugl**. Að slá fugl. Að fá fugl.

Bogey = **Skolli**. **Tvískolli**. **Þrískolli**.
EINFALT! Ekki skolli, skrambi og ???

Brake = **Brot**, til hægri eða til vinstri.
Ekki brot frá hægri til vinstri eða öfugt.

Break, double = **Tvöfalt brot**.

Bunker = **Glompa** eða **gildra**.

Carry = **Berast**. Kúlan þarf að berast svo og svo langt án viðkomu eða hindrunar á eða við braut.

Chip = **Vipp**, að vippa.

Collar = **Kragi** eða **svunta**, umhverfis flatirnar.

Course management, preplanned = **Leikáætlun**.

Course management, not preplanned = **Vallarvitund**.
Samanlögð skynsemi og raunsætt mat á eigin getu þegar ákvörðun er tekin um val á kylfu og höggi.

Dog leg from right to left = **Hundslöpp til vinstri**.
Ekki frá hægri til vinstri eða öfugt.

Dormie = **Drómi**. Drómi er fjötur. Staðan er í fjötrum þar sem einungis annar leikmaðurinn getur unnið leikinn.

Draw = **Drag**, **að draga kúluna**. Kúluferillinn er með mjúkum vinstri sveig. Högglangd eykst með dragi.

Drive, to = **Drífa**. **Drifhögg**. **Upphafshöggið**, höggið sem drífur kúluna í leik. Ég dreif fyrst eða ég dríf fyrstur.

Driver = **Driftré**, **Drífari** eða **Ás**. Reyndar þykir mér „Slagbrandur“ rosalega flott heiti, sbr. eldibrandur.

Fade = **Bjúgur**. **Bjúghögg**. Kúluferillinn er með léttum hægri sveig.

Fore = **For (vörn)**. Það er enginn tími til málalenginga „FOR“ er forvörn til leikmanna í grennd.

Golfer = **Kylfir**. **Golfari**.

Golfhole = **Braut**. Aldrei tala um „holu“ í merkingunni „braut“. Í íslensku máli er holan einungis sjálf holan í flötinni.

Green = **Flöt**.

Ground the club, to = **Grunda kylfuna**.

Holes down/holes up = **Holur undir/yfir**.
Í holukeppni segjum við t.d. tvær holur undir eða yfir.
Aldrei tvær holur niður eða upp.

Hook the ball = **Krækja**. Grófur vinstri sveigur á kúluferlinum.

Hybrid = **Blendingur** eða **bjargvættur**.
Ekki hálfviti eða amlóði. Verum jákvæð!

Little room to work with = **Lítið svigrúm til athafna**.
Kylfirinn hefur lítið leikrými.

Pin high = **Í stangarlengd**, þvert af stöng.

Pull = **Tog**.

Pull hook = **Togkrækja**.

Regulation play = **Flatarpar**. Kylfir nær inn á flöt á þar 3 braut í fyrsta höggi, þar 4 í tveimur höggum og á þar 5 í þremur höggum. Setningin „to play the hole in regulation“ hefir verið þýdd með langri setningu „að leika brautina í réttu höggi“ – en hvað er rétt högg? Atvinnumenn líta gjarnan á margar þar 5 brautir sem þar 4 og jafnvel á sumar þar 4 brautir sem þar 3 brautir. Hvað er þá rétt högg? Hugtakið flatarpar leysir þetta í einu augljósu orði.

Release = **Losa** og **loka**.

Release at impact = **Leysa höggið úr læðingi**.

Rough, semi = **Lágkargi**.

Rough, heavy (thick) = **Hákargi**.

Sandy Par = **Glompupar**. Par eftir að hafa lent í glompu.

Shank the ball = **Að skanka kúluna**.

Shot/Golf shot = **Högg/golfhögg**.
Við sláum kúluna en skjótum ekki.

Slice the Ball = **Sneiða boltann**. Grófur hægri sneiðingur, yfirleitt gegn ásetningi kylfisins.

Wedge = **Fleygur** eða **stórfleygur**.

Wedge, Sand = **Sandfleygur**.

Wedge, Lob = **Háfleygur**.